

Nd.

616. Nefndarálit

[210. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í skattalögunum, er sett voru árið 1954, var ákveðið, að umreikna skyldi tekjutölur skattstigans og persónufrádrátt til samræmis við kaupgjaldsvisitölu, eins og hún breyttist frá 1953. Með þessu ákvæði var komið í veg fyrir, að tekjuskattsbyrðin þyngdist af völdum aukinnar dýrtiðar, og var því tekjuskatturinn raunverulega óbreyttur, meðan lögin frá 1954 voru í gildi. En árið 1960 beitti núverandi ríkisstjórn sér fyrir breytingu á skattalögunum, og var þá settur nýr skattstigi, en fyrirmælin um umreikning eftir visitölubreytingum numin úr lögum. Þetta hefði ekki komið að sök, ef ríkisstjórnin hefði staðið við fyrirheit sitt um að halda dýrtiðinni í skefjum. En alkunnugt er, hvernig fór um efndirnar á því loforði. Vöxtur dýrtiðarinnar hefur orðið langtum meiri á valdatíma núverandi stjórnar heldur en nokkru sinni áður. Afleiðingin af því hefur meðal annars orðið sú, að tekjuskatturinn hefur stöðugt verið að þyngjast síðan 1960 vegna stighækkunar skattsins og vegna þess, að umreikningurinn var felldur niður. Og samkvæmt frumvarpinu, sem hér liggur fyrir, verður tekjuskatturinn raunverulega miklu hærri en hann var árið 1960. Þetta má glöggst sjá af þeim dæmum, sem birt eru hér á eftir.

1. dæmi: Einhleypur maður með 75 þús. kr. nettótekjur árið 1963.

Ef tekjuskattur hans væri reiknaður eftir lögum frá 1960, með umreikningi samkvæmt visitölu framfærslukostnaðar, væri upphæð skattsins árið 1964 kr. 405.00
En samkvæmt frumvarpinu verður tekjuskatturinn — 1000.00
Hækkunin er því 147%.

2. dæmi: Hjón með 100 þús. kr. nettótekjur árið 1963.

Ef tekjuskattur þeirra væri reiknaður eftir lögum frá 1960, með umreikningi samkvæmt visitölu framfærslukostnaðar, væri upphæð skattsins árið 1964 — 315.00
En samkvæmt frumvarpinu verður tekjuskatturinn — 900.00
Hækkunin er því 186%.

3. dæmi: Hjón með 2 börn og 130 þús. kr. nettótekjur árið 1963.

Ef tekjuskattur þeirra væri reiknaður eftir lögnum frá 1960, með umreikningi samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, væri upphæð skattsins kr. 485.00
En samkvæmt frumvarpinu verður tekjuskatturinn — 1300.00
Hækkunin er því 169%.

Eins og þessi dæmi sýna, verður tekjuskatturinn árið 1964 samkvæmt frumvarpinu raunverulega miklu hærri en hann var árið 1960. Og ef þessi væntanlegu lagaákvæði gilda óbreytt næsta ár, þyngist tekjuskatturinn enn verulega árið 1965, þar sem vísitala framfærslukostnaðar, sem var að meðaltali 134.66 stig árið 1963, er nú komin upp í 161 stig.

Minni hl. telur rétt, að tekjuskatturinn verði nú lækkaður þannig, að hann verði ekki þyngri en hann var ákveðinn með skattalagabreytingunni, sem gerð var árið 1960. Auðveldast verður að framkvæma þetta á þann hátt að gera þetta tvennt: taka aftur upp umreikning á tekjutölum skattstiga og persónufrádrætti, til samræmis við vísitölubreytingar síðan 1959, og fella 5. gr. frv., sem hér liggur fyrir, þar sem í henni eru breytingar á skattstiganum, sem valda hækkun á skatti miðað við skattskyldar tekjur, eins og sýnt er fram á í nál. minni hluta fjárhagsnefndar Ed. (HB og KK) á þingskjali 495.

Eins og áður segir, var miðað við kaupgjaldsvísitölu við umreikning á tekjutölum skattstiga og persónufrádrætti samkvæmt skattalögnum frá 1954. Þetta er ekki mögulegt nú, því að kaupgjaldsvísitalan er úr sögunni fyrir löngu. Kemur þá til álita, við hvaða vísitölu eigi að miða, ef umreikningurinn verður tekinn upp á ný. Þegar frv. þetta var til afgreiðslu í hv. Ed., bar minni hl. fjárhagsnefndar þar (HB og KK) fram breytingartillögu um að taka inn í frv. ákvæði um umreikning á persónufrádrætti, og skyldi hann miðast við breytingar á framfærsluvísitölunni. Eftir að sú tillaga hafði verið felld, bar sami minni hl. fram tillögu um að umreikna persónufrádráttinn eftir meðalvísitölu vöru og þjónustu. Sú till. var líka felld í Ed. En hér verður gerð tilraun til að fá lögfest ákvæði um umreikning á tekjutölum skattstiga og persónufrádrætti til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar, og eru dæmin, sem birt eru hér að framan, reiknuð samkvæmt því.

Í frv. er lagt til, að persónufrádráttur hækki um 30%. Ekki vegur þetta á móti hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, en hún var að meðaltali 33.96% hærri árið 1963 en 1959. Og auk þess sem hækkunin á persónufrádrættinum er þannig of lítil, fylgir sá böggull skammrifi, að í 5. gr. er lagt til að lögfesta nýjan skattstiga, sem veldur verulegri hækkun á tekjuskattinum. Þar sem hækkunin á persónufrádrættinum eyðist þó ekki að fullu með hækkun skattsins, mun minni hl. greiða atkvæði með frv.

Með skirskotun til þess, er að framan greinir, er það tillaga minni hl., að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 3. málsg. 16. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú breytist vísitala framfærslukostnaðar til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1959, og skal þá framangreindum frádráttarupphæðum breytt í réttu hlutfalli við vísitölubreytingarnar. Brot úr hundraði skal fella niður af útkomu, þegar reiknaðar eru út frádráttarupphæðir.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Við I. lið 25. gr. bætist:

Nú breytist vísitala framfærslukostnaðar til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1959, og skal þá tekjutölum framangreinds skattstiga breytt í réttu hlutfalli við það. Brot, sem nemur minna en hálfu

**Þúsundi, falli niður við útreikning tekjatalna, en stærra brot hækki í þúsund.
Hundraðstölur (%) skattstigans breytast ekki, þótt vísitala raskist.**

Alþingi, 8. maí 1964.

**Einar Ágústsson, Jón Kjartansson.
frsm.**